



6.10.4. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2917

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Íbúðir og heimavistir fyrir námsmenn (stúdentagarðar)

Í grein 6.10.4 í byggingarreglugerð segir:

„Innan stúdentagarða skal ein af hverjum tuttugu íbúðum og eitt af hverjum tuttugu herbergjum á heimavistum vera innréttanleg fyrir þarfir hreyfihamlaðra, þó aldrei færri en ein/eitt. Í þeim húsum þar sem ein eða fleiri íbúðir eða herbergi uppfylla ekki kröfur um baðherbergi fyrir hreyfihamlaða skal vera í hverju stigahúsi í sameign ein snyrting fyrir hreyfihamlaða með aðgengi beggja vegna salernis. Að öðru leyti skulu íbúðir fyrir námsmenn uppfylla kröfur reglugerðar þessarar um íbúðir.

Einstaklingsherbergi násmanna á heimavistum gegnir hlutverki stofu, vinnu- og svefnaðstöðu. Það skal vera með baðherbergi. Því skal fylgja hæfilegt geymslurými í sameign, sameiginlegt þvottahús og sameiginleg hjólageymsla. Jafnframt skal vera sameiginlegt eldhús og mataraðstaða fyrir að hámarki tólf herbergi, nema gert sé ráð fyrir sameiginlegu mötuneyti.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1 Í 1. mgr. 6.10.4 gr. segir: „Innan stúdentagarða skal ein af hverjum tuttugu íbúðum og eitt af hverjum tuttugu herbergjum á heimavistum vera innréttanleg fyrir þarfir hreyfihamlaðra, þó aldrei færri en ein/eitt. Í þeim húsum þar sem ein eða fleiri íbúðir eða herbergi uppfylla ekki kröfur um baðherbergi fyrir hreyfihamlaða skal vera í hverju stigahúsi í sameign ein snyrting fyrir hreyfihamlaða með aðgengi beggja vegna salernis. ...“

Ef ein eða fleiri íbúðir í húsinu eru ekki með snyrtingu/baðherbergi fyrir fólk með hreyfihömlun, skal í sameigninni (til dæmis við sameiginlegt eldhús, við lyftu- eða stigahús) vera ein snyrting fyrir fólk með hreyfihömlun með aðgengi beggja vegna salernis. Tilgangur þessarar kröfu er að fólk með hreyfihömlun geti heimsótt þá sem búa á stúdentagarðinum/heimavistinni og einnig unnið hópverkefni með viðkomandi íbúum.

2 Í 2. mgr. 6.10.4 gr. segir: „Einstaklingsherbergi násmanna á heimavistum gegnir hlutverki stofu, vinnu- og svefnaðstöðu. Það skal vera með baðherbergi. Því skal fylgja hæfilegt geymslurými í sameign, sameiginlegt þvottahús og sameiginleg hjólageymsla. Jafnframt skal vera sameiginlegt eldhús og mataraðstaða fyrir að hámarki tólf herbergi, nema gert sé ráð fyrir sameiginlegu mötuneyti.“



Leiðbeiningar

Kveðið er á um að hverju einstaklingsherbergi skuli fylgja hæfilegt geymslurými í sameign, sameiginlegt þvottahús og sameiginleg hjóla- og vagnageymsla. Hver byggjandi heimavistar/stúdentagarða skal meta þörf á slíku og skilgreina hvað sé hæfilegt geymslurými hverju sinni samanber lið 2.

Ef ekki er sameiginlegt mótuneyti skal vera sameiginlegt eldhús og mataraðstaða fyrir að hámarki 12 herbergi og skal byggjandi heimavistar/stúdentagarða meta þörf og skilgreina hvað sé hæfilegt eldhúsrými og mataraðstaða hverju sinni og rökstyðja það í greinargerð með aðaluppdráttum.

Tilvísanir

- <http://www.rabygg.is/adgengi/>